


Miðpróf tónfræðagreina vorið 2011
Tölfræðileg úrvinnsla

Vorið 2011 þreyttu 158 nemendur í 17 tónlistarskólum miðpróf tónfræðagreina. Þar af stóðust 149 nemendur (94,3% prótaka) próf en níu nemendur (5,7% próftaka) náðu ekki tilskilinni lágmarkseinkunn (6,0). Mynd 1 sýnir hlutfall nemenda sem stóðust próf. Meðaleinkunn á landsvísu var 7,93. Hæsta einkunn var 9,7 og lægsta einkunn 4,0. Mynd 1 sýnir einkunnadreifingu nemenda sem þreyttu prófið.

Miðpróf tónfræðagreina 2011
Einkunnadreifing (allt landið)




Mynd 1: Miðpróf tónfræðagreina 2011. Einkunnadreifing nemenda sem þreyttu próf.

Á vitnisburðarblöðum nemenda er heildareinkunn sundurliðuð í fimm þætti: (i) skrifleg tónheyrn, (ii) hlustun, greining og saga, (iii) tónfræðileg þekkingaratriði, (iv) munnlegt próf og (v) valverkefni, og vegur hver um sig 20 einingar af heildareinkunn (prófið er alls 100 einingar). Meðaleinkunn nemenda í einstökum þáttum prófsins er sýnd í töflu 1 og á mynd 2. Einnig er meðaltal heildareinkunnar sýnt á sama hátt.

Tafla 1: Miðpróf tónfræðagreina 2011. Meðaleinkunn einstakra prófþátta og meðaltal heildareinkunnar.

	Allt landið (hámark 20 einingar)
Skrifleg tónheyrn	14,42
Hlustun, greining og saga	15,10
Tónfræðileg þekkingaratriði	16,79
Munnlegt próf	15,16
Valverkefni	17,78
Heildareinkunn	7,93

Miðpróf tónfræðagreina 2011
Sundurliðun meðaleinkunnar (allt landið)



Mynd 2: Miðpróf í tónfræðagreinum 2011. Meðaleinkunn einstakra prófþátta og meðaltal heildareinkunnar. Allir fimm þættir prófsins vega jafnt í heildareinkunn.